

leiðslu krafta landsins. Margt fleira er í þessum fyrirlestri, er að verður vikið síðar.

Ritgjörð séra Friðriks „Hinir höltu“ er prédikun, samin út af frásögunni í Postul. g. b. 3. kap., um halta beiningamanninn, er sat við musterisdýrnar og beiddist ölmusu af þeim sem um gengu, en sein Pétur læknaði af heltinni með krafti heilags anda.

Af sögu þessari dregur höf. þá líkingu, að halti maðurinn sé sí vantrúnaði á orþodoxa vísu, musterið sé hin evangeliska kyrkja, en Pétur og Jóhannes séu prestarnir og aðrir þrenningartrúarmenn. Vantrúarmennirnir höltu eru altaf að biðja hina beininga, biðja þá að veita sér gjafir heilags anda. Þeir skrifða upp að musterisdyrunum og láta oft ærið ófriðlega, ef þeim er ekkert gefið, og líka af því samvizka þeirra er óróleg. En vegna hvers samvizkan er svo óróleg lýsir höfundurinn ekki, en sjálfsagt að mega ráða í því, að það sé vegna trúleysisins.

Það er ný til komið, ef orþodoxan hefir ekki frið á sér fyrir betlandi vantrúarmönnum. Hennar „andans gull“ hafa meira verið á boðstólum en svo, að lengi hafi þurft að sníkja eftir að fá þau. Sælgætinu hefir verið tröðið að náunganum jafnt í tíma sem ótima, nauðugum sem viljugum, sjúkum sem heilbrigðum, en það hefir gengið miklu tregar út. Það er ekki nema í örfáum tilfellum að vantrúarmaðurinn svo nefndi hefir fengist til að taka við því. Og þá oftast hafa það verið menn í dauðann komnir, er ekki gátu þá ráðið því, á hvers „forlag“ þeir voru jarðsungnir eða hvað um þá væri sagt dauða. Því miður hafa þó borið við stöku tilfelli hér vestra, þar sem menn með fullu fjöri hafa lagst að sníkjuborðinu—svonefndir vantrúarmenn. En það eitt mætti um þá segja, að þeir hafa aldrei tilheyrt tölu þeirra manna, er af sannfæringu höfnuðu hleypidóum og kreddum hins forna siðs, heldur jafnan verið í andlegum skilningi vindrellur og snerlar, reglulegustu flækings hræ, er flaðrað hafa upp um hvern þann, er gefa vildi þeim spón eða bita. Á stundum hafa þeir verið meðal Unitara og þá hinn sprettinn sníkt upp á þá Pétur og Jóhannes. Það er því óréit að telja þá frekar einum floknum en öðrum.